

*Ýmis ákvæði.*

## 8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna tæmingar rotþróa eða meðhöndlunar seyru skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við framkvæmdaraðila verksins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá sveitarfélaginu, getur hann skotið málinu til Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Að öðru leyti fer um málsskot samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Mál út af brotum á samþykkt þessari eða gjaldskrám sem settar eru samkvæmt henni skal fara með sem opinbert mál.

## 9. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Austur-Héraðs staðfestist hér með, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast hún gildi 1. janúar 2003.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Eigendur þeirra húseigna sem ekki tengjast fullnægjandi rotþróum við setningu samþykktar þessarar hafa frest til 1. janúar 2004 til að uppfylla ákvæði hennar.

*Umhverfissráðuneytinu, 11. desember 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

**AUGLÝSING****um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar  
í landi Stafafells í Lóni, Sveitarfélaginu Hornafirði.**

*Skipulagsskilmálar lóðar nr. 11.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur bæjarstjórn Hornafjarðar þann 19. september 2002, samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Stafafells í Lóni. Um er að ræða breytta skipulagsskilmála fyrir lóð nr. 11 og er breytingin sett fram í texta sem skilmálabreyting, dagsett 19. september 2002.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið gögn málsins og gerir, í bréfi dagsettu 6. desember 2002, ekki athugasemd við að auglýsing um deiliskipulagsbreytinguna verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Hornafirði, 10. desember 2002.*

**Hákon Valdimarsson**, byggingarfulltrúi Hornafjarðar.